

Skipulagsstofnun

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Sent í gegnum skipulagsgátt

Reykjavík, 30. ágúst 2024

Vindorkuver Sólheimar – kynning á umhverfismatskýrslu

Vinsamleg ábending til Skipulagsstofnunar

Landvernd vill koma því á framfæri að það verður að teljast alvarlegur ágalli við framsetningu kynningarefnis á Skipulagsgátt að þau gögn sem birt voru til kynningar þann 2.7 2024 voru ekki endanleg gögn en frekari gögn voru birt 18.07 á sama stað á samráðsgátt án vitundar umsagnarskrifara. Er það því undir því komið hve oft almenningur fer inn á skipulagsgáttina eftir að fyrstu gögn voru sótt hvenær og hvort viðbótargögn berast hverjum og einum. Umhverfismatskýrsla var uppfærð og fór blaðsíðatal Umhverfismatskýrslu úr 34 bls í 301 blaðsíðu og þurfti því að endurskoða verulega mikið efni. Er það okkar mat að Skipulagsstofnun ætti því að auglýsa þessi mistök sem hafa verið gerð og fresta skilum amk um mánuð.

Inngangur v/ umhverfismatskýrslu

Landvernd hefur kynnt sér efni umhverfismatskýrslu ásamt meðfylgjandi viðaukum. Landvernd hefur umtalsverðar athugasemdir fram að færa enda er hér um að ræða gríðarlegt inngrip í landslag og lífríki á lítt snortinni landslagsheild sem er að auki innan mjög viðkvæms svæðis sem viðeigandi væri að vernda með fjölþættu verndargildi.

Landvernd telur hér verða að taka sérstakt tillit til áhrifa á til víðerni í ljósi áskýndaráhrifa og stærðar áformanna. Fyrirvari á skjali með mögulegum þýðingavillum vegna aðkomu erlendra sérfræðinga getur ekki áskilið fyrirtækinu neinn rétt því það er fyrirtækið sem ber ábyrgð á að koma réttum upplýsingum á framfæri. Við svo stórt og viðamikilt verkefni hlýtur Landvernd að gera þá lágmarkskröfu að fulltrúar fyrirtækisins hér á landi tryggi áreiðanlega þýðingu yfir á íslensku svo komi ekki til eftiráskýringa af hálfu fyrirtækisins ef þykir henta.

Umfang framkvæmda sem sett er hér á svið á Laxárdalsheiði er gríðarmikið og raforkuframleiðsla áætluð 209 MW. Framkvæmdasvæðið þekur 3.208 hektara lands sem er mikið land og þar mun gæta margvíslegra áhrifa enda er ekki aðeins landið stórt og viðkvæmt sem er undir heldur verða spaðar í 200 m hæð. Hér er að mati Landverndar verið að fjalla um svæði sem ætti undir engum kringumstæðum að raska eða vera valkostur vegna margháttæðra umhverfisáhrifa. Þá er full ástæða til að benda á hugtakanotkun er ekki yfir vafa hafin þegar slíkar stóriðnaðarframkvæmdir er líkt við „garða“ sem hefur allt aðra merkingu og græna sem verkefnið ber alls ekki með sér. Landvernd bendir því skýrsluhöfundum og fyrirtækinu á að nota rétt heiti yfir verkefni af þessu tagi t.d. Vindorkuver eða Vindorkuiðnaður.

Þá vill Landvernd koma sömuleiðis á framfæri við skipulagsstofnun að stofnunin kanni til hlítar hvort kröfur um aðferðarfræði við rannsóknir og úrvinnslu gagna í skýrslunni standist skoðun. Þ.e. að allar

útlistanir fyrirtækisins uppfylli kröfur um innlend og alþjóðleg umhverfisviðmið við vinnslu skýrslunnar. Í því sambandi vill Landvernd benda á fullkomlega óraunhæfar staðhæfingar fulltrúa fyrirtækisins í fréttum RÚV um litaða spaða og ljósabúnað sem ætlað er að halda fuglum frá. Landvernd telur hér að verið sé að vísa til tilraunaverkefna sem ekki hafa raunverulega ekki sannað gildi sitt má þar nefna varðandi aðgerðir í tengslum við fugla og áflugshættu.

Lífríki

Á vef Náttúrufræðistofnunar er Laxárdalsheiði sést glögglega að áformað framkvæmdasvæði QAIR er staðsett inn á viðkvæmu svæði á b hluta náttúruminjaskrá samkvæmt [vefsíá NÍ](#).

Hér fremst í [lýsingu NÍ um Laxárdalsheiði](#) kemur fram að svæðið sé tilnefnd vegna fugla. Á heimasíðu NÍ kemur einnig fram

„Á Laxárdalsheiði eru vel gróin heiðarlönd og mikið af vötnum og öðru votlendi. Heiðin er fremur flatlend en fell og fjöll rísa nyrst og syðst á svæðinu. Veiði er víða í vötnum, bæði urriði og bleikja og sauðfé gengur til beitar á heiðinni.“

Helstu ógnir sem Náttúrufræðistofnun telur steðja að svæðinu er virkjun vindorku annarsvegar á Hróðnýjarstöðum og hinsvegar á umræddu svæði að Sólheimum á Laxárdalheiði og þar er einmitt lögð sérstök áhersla á af hálfu stofnunarinnar að búsvæði og farleiðir fugla verði ekki skert.

Landvernd leggur í þessum efnum sérstaka áherslu á að um er að ræða alþjóðlega mikilvægt varpsvæði fyrir himbrima og álfmati NÍ. Auk þess er að finna á heiðinni fjölda annarra tegunda m.a. mófugla og vaðfugla auk rjúpu en Landvernd vill í þeim efnum nota tækifærið og gagnrýna mjög takmarkaðar rannsóknir á rjúpnastofninum sem flakkar milli heiða í hópum eftir að snjóa fer á heiðarlandinu. Svo virðist sem nær einvörðungu hafi verið fylgst með varplandi rjúpna en atferli rjúpunnar er með þeim hætti að rjúpan hópar sig að hausti þegar snjóa tekur. Þegar svo háttar ferðast rjúpan oft í misstórum hópum og flytur sig milli heiðarlöndna eftir veðri og vindum. Því er það mikill áfellingdómur yfir samantekt um rjúpuna að ekki hafi verið gerðar tilhlýðilegar talningar eða vöktun á svæðinu á þeim tíma þegar fuglinn ferðast í hópum og þá þegar áflugshætta er hvað mest. Farleiðir og eða talningar rjúpu um Laxárdalsheiði verða því miður að teljast með öllu ómarktækar vegna skorts að því er virðist á þekkingu m.a. erlendra ráðgjafa á atferli rjúpunnar sem hefur einmitt fallið í miklum mæli fyrir vindorkuspöðum m.a. í Noregi.

Í ljósi þessa gerir Landvernd kröfu um að fullnægjandi rannsóknir og vöktun á rjúpnastofninum fari fram á Laxárdalsheiði á framkvæmdasvæði og nálægð þess.

Haförnin og úrvinnsla gagna

Örninn er langstærsti og jafnframt sjaldgæfasti ránfugl landsins, með yfir 2 m vænghaf, oft nefndur konungur íslenskra fugla. Sérstaða hins íslenska hafarnar er margvísleg ekki síst þar sem þessi tignarlegi fugl var í stórkostlegri útrýmingarhættu og ofsóttur um mjög langt skeið. Með mikilli fyrirhöfn framsýnna manna tókst að forða erninum frá útrýmingu hér á landi og hægt og bítandi hefur stofninn með mikilli vinnu og hugsjónarstarfi náð sér nokkuð á strik. Halda skal til haga að aðeins 20 pör töldust eftir þegar alfriðun hafarnarins var komið á með mikilli eftirfylgni. Svo hart var

gengið að stofninum að þeir fáu fuglar sem eftir voru hafa haldið sig staðbundið við vestanvert landið og þá um leið í mikilli nálægð við áformað framkvæmdasvæði þ.e. við Breiðafjörð en þar eru jafnframt langmestu búvæði hafnarnarins. Í ætisleit svífur Haförnninn víða yfir heiðarlendunum sem þessum og er því ótvíræð áflugshætta. Þá ber svo við að kortlagning farleiða hafnarnarins í nálægð eða yfir framkvæmdasvæðið á Sólheimum er ekki útlustuð með fullnægjandi hætti, en samantekið eitt kort merkt ránfuglar sem hefur mjög breiða skírskotun hefur ekkert gildi. En aðrar fuglategundir eru hinsvegar listaðar niður hver fyrir sig þannig að engum vafa er undirorpið um hvaða fugl er að ræða. Furðu sætir að í skýrslunni kemur fram að trúnaður ríki um gögn sem sýna sérstaklega flugs hafnarnarins yfir og í nálægð við áformað vindorkuver á Sólheimum.

Fyrir liggur að Náttúrufræðistofnun hefur til að verja hafnarnarstofnin eðlilega ekki viljað veita upplýsingar um staðsetningar arnarhreiðra endar er fuglinn á hæsta skala á valista en Landvernd telur ekki sömu trúnaðarreglur gilda um farleiðir arnarins en fulltrúar Landverndar hafa oft setið erindi þar sem vísindamenn sýna kort af farleiðum fugla á opinberum vettvangi. Farleiðir arnarins hafa um töluvert árabíl verið skráðar mjög þétt og nákvæmlega með sendibúnað á fuglunum. Þá er sá radíus sem skýrslan gefur er helst til stór en þar kemur fram að innan 10 km radíus séu tvö arnarhreiður. Af þeim upplýsingum verður ekki lesið af neinni tilfinningu um nálægðina. Landvernd gerir því mjög alvarlegar athugasemdir við framsetningu og úrvinnslu gagna sem hljóta að hafa verið afhent QAIR hvað varðar farleiðir hafnarnarins en fulltrúum þess má vera fyllilega ljóst að langstærsta áskorunin er gagnvart hafnarnarstofninum.

Áflugshætta hafnarnar, rjúpu og annarra fuglategunda.

Margvíslegar upplýsingar er að finna um áflug fugla á vindorkuver ýmist á spaðana sjálfa sem er algengasti árestrarflöturinn en vindorkuturnarnir sjálfir eru einnig árekstrarvaldur m.a. vegna þar sem rjúpahópar fara um að vetri. Eðli máls er breytilegt eftir löndum hvaða tegundir eru í mestri áflugshættu við vindorkuver en í þeim löndum sem við getum borið okkur saman við, líkt og Noregi eru [áhrif á rjúpnastofninn töluverð](#). Ránfuglar eru í hvað mestri áflugshættu og hér á landi horfum við helst á stærri ránfugla sem virðast sérstaklega útsettir og þá er það fálki og fyrst og síðast haförnninn.

Ýmsar kenningar hafa verið uppi um af hverju t.d. haförn er í sérstakri hættu og dregst stundum að vindorkuverum og þá hefur verið nefnt allt frá uppstreymi og eða aðstreymi sem dregur þá að ef nálægðar gætir við spaða en þó er það sem oftast er nefnt er að ef vindorkuspaðar eru í áflugshæð arnarins þá liggur fyrir að hafarnir eru í sífelldri leit að fæðu og horfa því oft stöðugt og lengi beint niður í leit að bráð. Þetta veldur því að mati margra sérfræðinga í atferli hafnarnarins að þeir gæta ekki um leið að því sem er beint framundan í flugstefnu enda stafar þeim ekki ógn af öðrum ránfuglum yfirburða sinna vegna og styrks.

[Í þessari grein](#) sem er ein af fjölmörgum áþekkingum á ríkisfjölmiðli í Noregi kemur fram að þrátt fyrir þennan mikla dauða hafarna þá sé ekki hægt að treysta því að staðið sé að talningu með ábyrgum hætti á þeim fuglum sem deyja vegna áflogs. Vestan hafs er við [sama vanda að glíma](#). Einnig er fjallað um vandamálið í [myndbandi af áflugi arna](#).

Umræður

Undir þessum lið á bls 8 í við segir eftirfarandi.

„Það verður að minnast á eina aðra tegund sem sást reglulega og var í varpi á mörkum athuganasvæðisins; haförn er á valista sem tegund í hættu (EN, Náttúrufræðistofnun 2018) Hann sást reglulega í sjónarhólstalningum en lét ekki sjá sig meðan á sniðtalningum eða vatnshlotsskoðun stóð. Það eru tveir þekktir hreiðurstaðir innan við 10 km frá verkstað“

Eitt af því stærsta sem við er að fást í málefnum vindorkuiðnaðarins er hversu langt þessi orkugeiri hefur gengið í að viðhalda hálf sannleika og beinlínis rangfærslum sem valdið hafa mikilli upplýsingaóreiðu ekki einvörðungu erlendis heldur og hér á landi með þeim afleiðingum að almenningur sem og stjórnvöld hafa takmarkaðar forsendur til að sannreyna staðhæfingar vindorkufyrirtækja á borð við QAIR.

Um meintar mótvægisáðgerðir QAIR v/ áflugs

Í skýrslu QAIR koma fram áætlanir um mótvægisáðgerðir vegna áflugs og sömuleiðis fór fulltrúi QAIR yfir mótvægisáðgerðir í [tíufréttum sjónvarps þann 13. ágúst síðastl.](#) Þar fór fulltrúi QAIR yfir aðferðir sem fyrirtækið hyggst beita gegn áflugi hafarna. Hér sér Landvernd sig tilknúð að mótmæla slíkum alhæfingum sem fyrirtækið hefur í frammi um mótvægisáðgerðir sem hafa svo auk þess verið teknar inn í skýrslu fyrirtækisins sem á að draga svo úr árekstarhættu að nánast engin fugladauði muni verða eftir þær mótvægisáðgerðir sem fyrirtækið hyggst beita. Hið sannarra í þessum efnum er að fulltrúi QAIR grípur til þess að vitna til mótvægisáðgerða eins og svarta spaða og nú óútskýrt áflugsforðunratæki – að því best verður heyrt annað hvort einhverskonar geislar eða hljóðfælur.

Á kynningarfundum sem fyrirtækið hefur áður haldið m.a. í Dalabyggð áttu mótvægisáðgerðir hinsvegar að felast í að settur yrði upp búnaður sem stöðvaði vindtúrbínurnar ef fugl kæmi aðvífandi.

Í stuttu máli sagt hefur Landvernd leitað eftir því við m.a. norska sérfræðinga um þá aðferðarfræði sem Friðjón Friðjónsson týnir til í viðtali og hefur það fengist staðfest að ekkert af þessum mótvægisáðgerðum sem að QAIR hefur verið gagnreynt að því marki að tilraunir með hönnun á þessu hafi leitt til þess að vindorkufyrirtæki hafi tekið þessa tækni upp og ekki svo vitað sé í neinu tilfelli í Noregi sem er það land sem hefur gengið hvað lengst í að vinna bug á þessum vanda með margvíslegum tilraunum. Tilvitnun í notkun svartra spaða í Smola í Noregi sem var tilraunaverkefni hefur meðal annars ekki leitt til þess að vindorkufyrirtæki í Noregi hafi tekið upp þessa meintu mótvægisáðgerð og hvað þá aðrar til að fæla frá fugla. Tímabundin tilraun í Smola benti hinsvegar til að möguleika á að fækka áflugi rjúpna umtalsvert en ekki í sama mæli hafarna.

Þá hefur verið bent á að mislitir spaðar valdi margfaldri ásýndartruflun sem skeri í augu þar sem prófað hafði verið.

Hér eins og í fleiri atriðum vill Landvernd óska eftir því að Skipulagsstofnun kanni sannleiksgildi staðhæfinga fyrirtækisins um mótvægisáðgerðir sem vigtaðar hafa verið inn af fullum þunga í framliggjandi umhverfismatskýrslu.

Um heiðarlandið almennt

Laxárdalsheiði er dæmigert vel gróið heiðarland þar sem er ríkt af margvíslegum vistgerðum og öröskuðum vötnum og inn á milli nokkuð samfelldu votlendi þar sem ekki liggja berggangar efst í

jarðlögum. Segja má að íslensku heiðarlöndin séu um margt síðustu lítt snortnu samfelldu votlendissvæði sem Ísland hefur að geyma þar sem láglandi hafa víðast verið ræst fram samhliða iðnbyltingu og hverskyns landbúnaðarafnotum og annari nýtingu lands. Á Íslandi liggja nú miklar kvaðir hvað varðar viðhald og endurheimt á grunni líffræðilegrar fjölbreytni. Það er því gríðarleg áskorun og ögrun við umhverfi og náttúru Íslands þegar ráðast á í gríðarlegt jarðrask með risavaxinn vindorkuver á óröskuðum heiðarlendum.

Rannsóknir á jarðvegi, jarðvegsdýpt á framkvæmdasvæði - losun CO2

Í skýrslunni virðast jarðvegsrannsóknum mjög ábótavant sem skýrist meðal annars í því að mikil frávík eru í áætlunum um hve mikið efnismagn þarf til í uppbyggingu innviða á framkvæmdasvæðinu vega o.s.frv. Sömuleiðis virðist ekki mikil þekking á jarðlögum að því marki hvað mikið af efninu kunni vera að hægt að nýta í uppbyggingu vega og viðamikilla burðarlaga sem þarf til vegna þungaflutninga innan og í aðkomu svæðisins. Einn af lykilþáttum sem leggja verður áherslu á er að velja land með tilliti til jarðvegsdýptar ekki síst þar sem votlend viðkvæm svæði eru annarsvegar einmitt eins og á Laxárdalsheiði. Það að rjúfa vistkerfi og lífríkt votlendi og vatnasvið með jarðvegskiptum stofnvegaframkvæmdum er gríðarlegt inngrip í náttúru og ögrun við alþjóðlegar skuldbindingar okkar að vernda sérstaklega slík svæði. Að sama skapi losar raskaður jarðvegur kolefni sitt í andrúmsloftið en [Skosk stjórnvöld fara fram á](#) að framkvæmdaraðilar reikni út losun frá jarðvegi sem raskast við vindorkumannvirki. Stærðargráða losunarinnar getur verið margföld við þá losun sem sparast jafnvel þótt öll orka sem úr vindinum vinnst verði notuð í stað jarðefnaeldsneytis. Sérstaklega mikilvægt er að hafa þessar staðreyndir á hreinu þar sem slík verkefni eru oftast en ekki keyrð áfram með þá ímynd að þau stuðli að því að Ísland nái markmiðum sínum í loftslagsmálum.

Um nýjustu drög að stefnu stjórnvalda um vindorku

Landvernd áréttar hér að stjórnvöld hafa ekki samþykkt frumvarp um nýtingu vindorku en í þeim drögum sem fram hafa komið kemur eftirfarandi fram:

Við mat á virkjunarkostum í vindorku skal verkefnisstjórn kanna hvort einstakir virkjunarkostir uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- Virkjunarkosturinn komi til með að vera liður í því að ná markmiðum Íslands við orkuskipti og kolefnishlutleysi.*
- Virkjunarkosturinn er innan landsvæðis sem almennt telst vera raskað af mannlegum athöfnum.*
- Virkjunarkosturinn er ekki talinn rýra um of mikilvæga verndarhagsmunir svæða sem njóta verndar að lögum né annarra nærliggjandi svæða sem njóta sérstöðu á landsvísu vegna náttúru-, menningarminja eða tengdrar atvinnustarfsemi.*
- Virkjunarkostur er ekki á svæði þar sem mikið er um villta fugla sem metnir eru í hættu eða verulegri hættu á válistum eða fuglategundir með hátt eða mjög hátt verndargildi að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands*

(Frumvarp til laga 2023 – 2024 um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (virkjunarkostir í vindorku). 5.gr)

Liðir b, c og d útiloka raunverulega með öllu vindorkuframkvæmdir á Laxárdalsheiði.

Tengingar við raforkukerfið og jafnvægisorka.

Landvernd veltir upp því hvort QAIR hafi tryggt sér kaup með samningum um jafnvægisorku sem er

grundvallaratriði fyrir vindorkufyrirtæki að útvega og er forsenda þess að hægt sé að tryggja afhendingaröryggi. Það kemur Landvernd verulega á óvart ef fyrirtækið telur sig hafa aðgang að jafnmiklu vatnsafla og raun ber vitni að þarf til að koma svo vindorkuverkefnið geti átt sér einhverja möguleika rekstarlega séð. Gera má ráð fyrir að Sólheimaverkefnið þurfi amk að hafa til reiðu 50 – 70 MW í vatnsafla í fyrsta áfanga og svo meira ef fullnaðaráform eiga fram að ganga. Landsvirkjun hefur þegar gefið út að þeir hafi ekkert aukreitis afl til reiðu enda yrði það þá fullnýtt í eigin jafnvægisorku gangi áform þeirra eftir um vindorku við Búrfell.

Stjórn Landverndar undrar sig því á hvernig sviðsetning á slíkum vindorkuverkefnum erlendra aðila geti átt sér stað þegar engir samningar eða í það minnsta viljayfirlýsingar liggja fyrir.

Áformuð framleiðsla á rafeldsneyti.

Á Íslandi hafa verið sett 4 - 5 svokölluð rafeldsneytisverkefni á dagskrá sem ekki hafa fengið einhverja fótfestu umfram framlagðar áætlanir sem miða að því að þróa rafeldsneyti án þess að þróun á þeirri tækni hafi náð að sýna fram á að um sé að ræða framtíðarlausn. Landvernd vill í þessu sambandi vitna til orða Orkumálastjóra sem hefur ítrekað að ekki sé góðs viti að geysast fram á völinn með stórtæk verkefni í orkuframleiðslu veðjandi á svokallað rafeldsneyti sem hefur raunverulega ekki náðst að þróa til þess að hægt sé að nýta það með öruggum eða hagkvæmum hætti hvorki á skip hvað þá flugvélar.

Samfélagsáhrif

Vindorkumannvirki af þessari stærðargráðu sem munu hafa slík ásýndaráhrif eru alls ekki privat ákvörðun viðkomandi sveitarfélaga þar sem vindorkunni er ætlað að rísa. Skipulagsstofnun ætti því án nokkurs vafa að kalla eftir viðbrögðum frá íbúum annarra sveitarfélaga sem kunna að verða fyrir áhrifum og fara með verkefnið þar í grenndarkynningu og til sérstakrar umsagnar. Í Noregi hefur það sýnt sig að margir íbúar hafa einfaldlega ekki áttað sig á hversu áhrifin geta verið mikil í mikilli fjarlægð og þá ekki bara við góð birtuskilyrði heldur hafa blikkljós vindorkuvera um nætur oft á tíðum meiri áhrif vegna þess hve þau sjást úr mikilli fjarlægð. Þá ber að nefna að ferðaþjónusta er orðin mjög mikilvæg grein í á Íslandi en vinsælir ferðamannastaðir eru innan áhrifasvæðis vindmyllugarðsins m.t.t. sjónrænna áhrifa hans og þ.a.l. áhrifa á upplifun ferðamanna. Í umhverfismatsskýrslu þarf að meta gildi og aðdráttarafl svæðisins með tilliti til ferðaþjónustu og útivistar, til dæmis með viðhorfskönnunum eða viðtölum við ferðamenn, útivistarfólk, ferðaþjónustuaðila, íbúa og sumarbústaðaeigendur innan skilgreinds áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda.

Umhverfisáhrif almennt.

Vindorkuiðnaðurinn sem hefur fengið að komast upp með að rannsaka umhverfisáhrif með því að hafa eftirlit að mestu með sjálfum sér hefur þráast við þrátt fyrir augljósar staðreyndir að það er umtalsverð mengun á rekstartíma. Það að almennt sé viðurkennt af vindorkuiðnaðinum sjálfum að það þurfi að skipta út vindorkuspöðum á 10 – 15 ára fresti vegna slits og stundum fyrr eftir álagi er aftur á móti ótvíræð sönnun þess að útskipting á spöðum kemur meðal annars og ekki síst til vegna slits á álagsflötum spaðana og af þessum álagsflötum losnar um fjölpátta mengandi efni epoxy og plast sem dreifist í verulegu magni út í ósnortna náttúru og safnast því upp í henni með tímanum. Því miður liggja ekki fyrir heilstæðar rannsóknir á mögulegum mengunarmælingum í jarðvegi umhverfis vindorkuver og minnir Landvernd þar á varúðarreglu umhverfisréttar en áhættan er

sérstaklega mikil á votlendum svæðum. Þá hafa umkvartanir vegna hljóðmengunar síst minnkað eftir því sem framþróun og stækkun vindorkuvera hefur átt sér stað. Að sama skapi hefur skuggaflökt aukist með stærrri vindorkuverum og hærrí. Engar rannsóknir liggja fyrir um t.d. skuggaflökt á fiskistofna í ám og vötnum sem þarf auk alls annars að taka til sértækrar skoðunar á Laxárdalsheiði. Umhverfisáhrif vegna efnistöku eru gríðarlega óljós og illa að staðið að reikna út áætlaða efnisþörf og hve mögulega mikið þarf að sækja í námur út fyrir svæðið. Það bendir eðli máls til ónógra rannsókna hvað þetta varðar.

Vegakerfi og umferð á framkvæmdatíma.

Stjórn Landverndar furðar sig á hversu langt fyrirtækið QAIR hyggst ganga í að ofhlaða vegakerfið frá áætlaðri Grundartangahöfn að áfangastað á Laxárdalsheiði. Á lögnum stundum liggur fyrir að loka þarf þessum fjölfarna vegakafla fyrir annarri umferð. Ekkert liggur fyrir um í skýrslunni hvort íslenskt óburðugt vegakerfi poli þá flutninga sem eru fyrirhugaðir og hvað þá slíkur fjöldi ferða með stóra íhluti sem fram kemur í skýrslunni. Því til viðbótar er ætlast til að vegagerðin geri undanþágu með svokölluðum „Óvenjulegum flutningum“ sem verður ekki túlkað með öðrum hætti en það sé meiri þungi en raunverulega vegakerfið þolir. Þessi undanþága frá þungaflutningum í svo stórtækum mæli getur augljóslega haft dýrkeyptar afleiðingar fyrir vegakerfið. Þá vaknar spurningin hvort fyrirtækið QAIR hyggst endurbyggja þá vegi sem muni skemmast við flutningana og þar að auki greiða þá fyrir nýjar framkvæmdir sem fyllilega er gefið í skyn að þurfi að eiga sér stað vegna þröngra beyjuradíusa og brúa o.s.frv. Landvernd óskar því eftir því að Skipulagsstofnun kalli eftir hvernig samningum og samtali hefur verið háttað milli vegagerðar og fyrirtækisins um framkvæmd þessa og annarra vindorkuframkvæmda. Jafnhliða hlýtur lögregla að þurfa að vera til staðar í þessum gríðarlegu flutningum og fjölda ferða þegar ekki öðrum verður fært að ferðast um þessa fjölförnu vegi vestanlands þegar áætlaðir trukkar með 80 m langa og tuga tonna spaða og túrbínuhús munu fara um það brotakennda vegakerfi sem þar er til staðar. Í þessum efnun verður skipulagsstofnun að kalla eftir skýrum svörum um hverjir beri tilfallandi kostnað sem varðar alla þá þætti sem koma að flutningum frá höfn og að framkvæmdasvæði.

Um ábyrgð niðurrif, endurvinnslu og meðfylgjandi kostnað.

Í kaflanum Endurnýjun eða niðurrif framkvæmdar er lýst nokkuð ítarlega hvernig staðið yrði að slíku með ýmskonar áætlanagerð. Það sem er hinsvegar hvergi fært í texta með beinum orðum er að fyrirtækið QAIR muni bera fulla ábyrgð og kostnað við niðurrif og flutning af svæðinu til endurvinnslu og eða förgunar á erlendum vettvangi. Vísað er til möguleika á endurvinnslu hérlendis sem er eðli máls fullkomlega óraunhæft þar sem endurvinnsla meðal annars á spöðum hefur ekki gengið eftir eins og þó fulltrúar fyrirtækisins hafa alhæft að m.a. á íbúafundi í Dalabyggð fyrir tveimur árum þar sem kom fram í máli þeirra að nú þegar væri fundinn fullnaðarlausn á endurvinnslu þess erfiða hluta sem illa hefur gengið að endurvinna eða endurnýta þ.e. vindorkuspaðarnir sjálfir. Í þessari skýrslu er hinsvegar viðurkennt að ekki sé fundinn fullnaðarlausn við endurvinnslu spaða en gefið í skyn að sú tækni sé handan við hornið og fer sú spámennska saman við aðrar viðlíka yfirlýsingar. Staðan á heimsvísu í dag er að það er að sjálfsögðu verið að reyna að vinna bug á þessu stórtæka vandamáli sem urðun á spöðum í jörðu er. Í þessu sambandi er tilhýðilegt að nefna að fyrirtæki sem QAIR á í viðskiptum við þ.e. Vestas stefnir að því að framleiða vindmyllur án úrgangs fyrir árið 2040. Nær því öll ríki heims ástunda enn þrátt fyrir margvíslegar tilraunir til endurvinnslu og nýtingu á vindorkuspöðum urðun þeirra er orðið gríðarlegt vandamál og fjarri allri sjálfbærni eða samræmist

grænni starfsemi. Engu að síður hafa samtökin WINDEUROPE sett fram stefnu um að urðun útgangs frá vindmyllum amk innan Evrópu skuli hætt árið 2025 [sjá m.a. hér](#). Í öllum almennum samanburði orkukosta erlendis er nýting vindorku miðuð mest við kolanotkun og svo olíu. Þegar um slíkan samanburð er að ræða meðal ríkja sem hvorki hafa á nægu vatnsafli eða jarðhita að velja er eðlilegt að vindorka komi hagstæðara út.

Að lokum

Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við áformin. Þá sérstaklega er varðar meðhöndlun gagna er varðar haförninn sem er á valista. Þá eru mótvægisáðgerðir langt frá því að vera traustvekjandi og einungis vísað í tilraunir sem ekki hafa skilað þeim niðurstöðum sem látið er í veðri vaka. Áformin hafa mikil áhrif á óraskað vistkerfi í heiðarlandi þar sem hætta er á að losun frá landi vegna framkvæmdanna geti orðið mikil og þar með hefðu áformin neikvæð áhrif á markmið Íslands í loftslagsmálum. Þá hafi framkvæmdin neikvæð áhrif á ferðamennsku en vindorkuverið hefur ekki tryggt sér rekstrargrundvöll með tilliti til jafnvægisorku eða kaupenda á orkunni svo hún skili sér til orkuskipta. Landvernd er uggandi yfir áformunum og öllum þeim stórtæku áformum sem uppi eru á borðum á sambærilegum svæðum.

Með vinsemd og virðingu

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir,
formaður Landverndar*